Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr.888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: **Kalk og kiselfjerner -> Kísil og kalkhreinsir**

Vörunúmer: **495** **1,5 kg**

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Hreinsiefni (PC35).

Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirliggjandi.

1.3 Söluaðili:

KEMI ehf.
Tunguhálsi 10
110 Reykjavík
Sími: 4154000
Netfang: kemi@kemi.is
Veffang: www.kemi.is

Framleiðandi:

AltiCare ApS
Mariendalsvej 24
DK-8800 Viborg, Danmörk
00 45 72 42 19 01
mail@alticare.dk
www.alticare.dk

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H315	Veldur húðertingu	Húðert.2
H319	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnert.2
H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	Langv.eit.á vatn 3

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):



Hættumerki

Viðvörunarorð **VARÚÐ**

Hættusetningar

H315	Veldur húðertingu
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til.
P264	Þvoið húð vandlega eftir meðhöndlun.
P273	Forðist losun út í umhverfið.
P280	Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífar/andlitshlífar.
P337+P313	Ef augnerting er viðvarandi: Leitið læknis.
P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

Reglugerð 300/2014: Hreinsiefni: >30% súlfamínsýra.

2.3 Aðrar hættur:

Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni:

Súlfamínsýra			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119488633-28	**Innihald %**	**95 - 100**
Raðnúmer	016-026-00-0	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	226-218-8	**H-setningar**	-
CAS	5329-14-6	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			**-**
Húðert.2 - **H315**, Augnert.2 - **H319**, Langv.eit.á vatn 3 - **H412**			

3.2 Blöndur: Á ekki við

Annað:
Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

Almenn viðbrögð: Flytjið hinn slasaða af hinu mengaða svæði. Sé um alvarleg eða viðvarandi einkenni að ræða skal leita læknis eða bráðamóttöku. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

Innöndun Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Veitið öndunaraðstoð, reynist það nauðsynlegt.

Snerting við húð Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið læknis hverfi einkenni ekki fljótlega. Notið ekki leysiefni við hreinsun.

Snerting við augu Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 15 mín. og haldið augum vel opnum. Leitið læknis. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun.

Inntaka Gefið 1-2 vatnsglös að drekka. Leitið læknis. Framkallið ekki uppköst. Sýnið öryggisblaðið. Haldið höfði lágt þannig að efnið berist ekki í lungu.

Til hjálparliða Gætið ávallt að eigin öryggi þegar um er að ræða váhrif af völdum efnavara. Notið persónuhlífar. Hreinsið húð þegar hjálparstarfi er lokið.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Snerting við húð Ertir húð.
Snerting við augu Ertir augu.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, alkóhólþolin froða, slökkviduft, sandur, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður: -

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna myndast ertandi eitraðar og daunillar gufur, þ.á.m. brennisteinsoxíð og nituroxíð.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun og snertingu við húð. Notið persónuhlífar. Fjarlægið umbúðir frá eldi ef unnt er. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Reykið ekki. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Notið viðeigandi persónuhlífar. Sjá liði 5 og 8.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu, og dreifingu með byggingu varnargarða.
Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið ísogsefni svo sem sand eða jarðveg, eða sópið eða skrapið upp með handverkfærum.
Vætið losað efni. Forðist rykmyndun. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.
Skolið mengað svæði vandlega með miklu vatni að hreinsun lokinni.

6.4 Tilvísun í aðra liði: Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun gufu og snertingu við húð og augu. Reykið ekki.
Tæmdar umbúðir geta innihaldið efnaleifar. Gætið hreinlætis við meðferð efnavara.

Fylgið leiðbeiningum um meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið.
Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður
en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.
Notið viðeigandi persónuhlífar, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið í vel luktum og merktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað.

7.3 Sértæk, endanleg notkun: Liggur ekki fyrir.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Notið eingöngu CE-merktan búnað.

Persónuhlífar



Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.
Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Augnhlífar Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166).

Húð - hendur Notið viðeigandi, efnaþolna hlífðarhanska, t.d. úr neopren.
Ítarlegar prófanir hafa ekki farið fram á þoli hlífðarhanska gagnvart vörunni. Aðrir þættir, t.d. hitastig, geta haft áhrif á endingartíma hanska. Skiptið oft um hanska við vinnu með vöruna.

Húð - annað Mælt er með notkun efnahelds langerma vinnufatnaðar (EN 13034).

Öndunarfæri Sé loftræsting ófullnægjandi, eða sé rykmyndun til staðar, notið viðurkennda öndunargrímu með síu.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Fast efni/duft	
Lykt:	Engin	
Litur:	Hvítur	
pH:	1,50	5% lausn
Eðlismassi (25°C):	2,15 g/cm3	
Leysanleiki í vatni (20°C):	Leysanlegt	

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin sérstök.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Engin sérstök.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkar sýrur og basar, sterkir oxarar/afoxarar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna myndast ertandi eitraðar og daunillar gufur, þ.á.m. brennisteinsoxíð og nituroxíð.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturhrif: Veldur ertingu í húð og í augum.

Súlfamínsýra					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	>2000	mg/kg	rotta	OECD 401
Húðæting/erting	Veruleg erting				
Alvarlegur augnskaði	Veruleg erting			kanína	
Næming, húð/öndunarfæri	Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi				
Stökkbreytingar kímfruma	Neikvætt				
Krabbamein	Neikvætt				
Sértæk eiturhrif á marklíffæri (EV)	Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi				
Sértæk eiturhrif á marklíffæri (VES)	Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi				
Ásvelgingarhætta	Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi				

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

Súlfamínsýra					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LC_{50}	70,3 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturhrif	EC_{50}	71,6 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturhrif	EC_{50}	48 mg/l	72 klst	Þörungar	OECD 201
Þrávirkni og niðurbrot	Súlfamínsýra brotnar hægt niður í vatni				
Uppsöfnun í lífverum	Safnast ekki upp (Log Pow = 0,1)				
Dreifanleiki í jarðvegi	LogKoc = 0,15759				
PBT/vPvB	Ólífrænt efni, á ekki við				

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll.
Skv. reglugerð nr. 1040/2016 yfir spilliefni og annan úrgang, flokkast efnið og leifar þess sem:
20 01 29 (Þvotta- og hreinsiefni sem innihalda hættuleg efni)

Óhreinar umbúðir Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:

UN Númer 2967
Efnisheiti v. flutninga: SULPHAMIC ACID
Hættuflokkur: 8
Pökkunarflokkur: III
Jarðgangaflokkun: (E)

Varúðarmerking



IATA:

UN Númer	2967
Efnisheiti v. flutninga:	SULPHAMIC ACID
Hættuflokkur:	8
Pökkunarflokkur:	III



IMDG:

UN Númer	2967
Efnisheiti v. flutninga:	SULPHAMIC ACID
Hættuflokkur:	8
Pökkunarflokkur:	III
EMS:	F-A, S-B
Sjávarmengandi:	Nei



15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP).
Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).

15.2 Efnaöryggismat: Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H315	Veldur húðertingu
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Útgáfa/Dags.: 1/29.11.2023

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.
Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.
Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: ***ALTICARE APS***
SIKKERHEDSDATABLAD
KALK- OG KISELFJERNER
Útgáfa: *25.07.2017 Útgáfa 5.0*